



7. janúar 2025  
Tilv.: 2401157 / 2401158

Dreifibréf nr.: 2/2025

Til váttryggingafélaga, váttryggingasamstæðna og Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu.

**Efni:** Reglur nr. 1556/2024 um sniðmát fyrir gagnaskil váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna og reglur nr. 1557/2024 um verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

Seðlabanki Íslands hefur sett tvennar reglur til að leiða í íslenskan rétt undirgerðir tilskipunar 2009/138 (Solvency II). Annars vegar er um að ræða [reglur nr. 1556/2024 um sniðmát fyrir gagnaskil váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna](#). Með þeim reglum er leidd í íslenskan rétt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/894 frá 4. apríl 2023 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB að því er varðar sniðmátin fyrir framlagningu upplýsinga frá váttrygginga- og endurtryggingafélögum til eftirlitsyfivalda sem nauðsynlegar eru fyrir eftirlit þeirra.

Framkvæmdarreglugerðin leysir af hólmi eldri framkvæmdarreglugerð, nr. 2015/2450, um sama efni. Nýja framkvæmdareglugerðin byggir á reynslu af beitingu tilskipunarinnar og þróunar á fjármálamörkuðum á þessu tímabili. Meðal helstu breytinga eru:

1. Sniðmát hafa verið uppfærð með það að markmiði að gera þau bæði yfirgripsmeiri og notendavænni.
2. Óskað er eftir frekari gögnum þar sem það á við, t.d. er innleitt nýtt sniðmát vegna seldra netöryggistrygginga (*e. cyber underwriting risk*).
3. Reglugerðin tekur mið af uppfærslu á nýjustu stöðlum og bestu starfsvenjum.
4. Bætt hefur verið úr óskýrleika og ósamræmi í eldri reglugerð.

Hins vegar hefur Seðlabankinn sett [reglur nr. 1557/2024 um verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu](#). Með þeim reglum er leidd í íslenskan rétt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/895 frá 4. apríl 2023 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB að því er varðar verklag, framsetningu og sniðmát fyrir birtingu upplýsinga frá váttrygginga- og endurtryggingafélögum um skýrslu þeirra um eigið gjaldþol og fjárhagsstöðu.

Framkvæmdarreglugerðin leysir af hólmi eldri framkvæmdarreglugerð, nr. 2015/2452, um sama efni. Nýja framkvæmdareglugerðin tekur mið af reynslu og breytingum sem hafa orðið á fjármálamörkuðum frá því eldri reglugerðin tók gildi. Meðal helstu breytinga eru:

1. Sniðmát hafa verið uppfærð til að auka gæði, samanburðarhæfni og læsileika þessara upplýsinga.

2. Gagnaskil hafa verið gerð þannig úr garði að þau séu hlutfallslega ekki of íþyngjandi án þess að bitni á gæðum þeirra gagna sem váttryggingafélög og váttryggingasamstæður birta.
3. Breytingar sem hafa verið gerðar á gagnaskilum til eftirlitsstjórnvalda, t.d. varðandi starfsemi yfir landamæri, endurspeglast í framangreindum sniðmátum.
4. Auknar kröfur eru gerðar til váttryggingafélaga sem nota alhliða líkön eða hlutalíkön við mat á gjaldþolskröfu um að birta fjölþættingaráhrif á milli áhættuþátta.

Báðar framangreindar reglur voru settar á grundvelli tilgreindra ákvæða í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og lögum nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður. Reglurnar voru birtar í Stjórnartíðindum 19. desember sl. Þær tóku gildi við birtingu og á sama tíma féllu úr gildi reglur Seðlabanka Íslands nr. 1114/2021 og 1115/2021.

Ef spurningar vakna vegna þessa dreifibréfs er hægt að senda þær á netfangið: [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is).

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Sigurbjörn Óttarsson  
framkvæmdastjóri  
varúðareftirlit

Sigurður Freyr Jónatansson  
sérfræðingur  
varúðareftirlit

